

5. gr.

Hættulega og óleyfilega hunda, svo og hunda úr aðliggjandi sveitum, sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni, svo og aðra ómerkta flækingshunda, sem ganga lausir utanhúss, skal handsama. Við ítrekað brot skal hundinum lógað. Kostnaður við töku hunda skal ákveðinn af bæjarstjórn og að fullu greiddur af eigendum. Hættulegum hundum t.d. þeim sem ráðast á menn og skepnur er heimilt að lóga þegar í stað. Aðra hunda er heimilt að afhenda, ef leyfi er framvísað, enda verði áfallinn kostnaður greiddur. Að öðrum kosti skal hundinum lógað. Ólafsvíkurkaupstaður eða aðilar á þess vegum í samráði við heilbrigðisnefnd og lögreglustjóra hafa eftirlit með hundum skv. samþykkt þessari og skulu þessir aðilar tilkynna bæjarstjórn án tafar um allar kærur, sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni.

6. gr.

Með brot út af samþykkt þessari skal fara að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við VI. og VII. kafla laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

7. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Ólafsvíkur staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum og 1. gr. laga nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Að liðnum 3 mánuðum frá gildistöku samþykktar þessarar skal fara með alla óskráða hunda skv. ákvæðum 5. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. júní 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

GJALDSKRÁ**fyrir hundahald á Suðurnesjum 1990.**

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund, sbr. 2. gr. samþykktar nr. 428/1987, skal á árinu 1990 vera kr. 6 500,00 fyrir hvern hund. Gjaldldagi leyfisins er 1. júlí og eindagi 1. ágúst 1990.

Allur kostnaður vegna föngunar hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkallskostnaður, bifreiðakostnaður og búrleiga, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds sé um leyfislausu hunda að ræða.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórnnum Keflavíkur, Njarðvíkur, Grindavíkur, Miðneshrepps, Gerðarhrepps, Vatnsleysustrandarhrepps og Hafnarhrepps, staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuvernd og heilbrigðiseftirlit, með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. júní 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.